

ISSN 1670-5556

Einar Þorvaldur Eyjólfsson, Sóley Ósk Sigurgeirdóttir og Vífill Karlsson

Hagvísir Vesturlands

Fyrirtækjaviðtöl í Borgarbyggð

Skýrsla nr. 1 2011

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Höfundarréttur © 2011 Einar Þorvaldur Eyjólfsson, Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir og Vífill Karlsson og
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Efnisyfirlit

1	Samantekt.....	2
2	Inngangur	2
2.1	Aðferð	3
2.2	Atvinnulífið í Borgarbyggð.....	3
3	Niðurstöður úr fyrirtækjaviðtölum	5
3.1	Grunnupplýsingar um fyrirtækin.....	5
3.2	Vitneskja um stoðkerfið	5
3.3	Staða og óskir fyrirtækja í Borgarbyggð	7
3.4	Viðhorf fyrirtækjanna til breytinga	14
3.5	Hindranir fyrir velgengni fyrirtækisins	15
3.6	Helstu kostir og gallar við rekstur í Borgarbyggð.....	16
3.7	Staða framundan	18
4	Lokaorð	19

Myndaskrá

Mynd 1:	Atvinnuleysi í Borgarbyggð frá 2000-2011. Tölur Vinnumálastofnunar	4
Mynd 2:	Þekking á SSV þróun og ráðgjöf	5
Mynd 3:	Þekking á Vaxtarsamningi Vesturlands	6
Mynd 4:	Samstarf við önnur fyrirtæki og stofnanir í Borgarbyggð	7
Mynd 5:	Ósk um breytt samstarf við önnur fyrirtæki eða stofnanir	7
Mynd 6:	Stuðningur hins opinbera við fyrirtækið	8
Mynd 7:	Ósk um stuðning hins opinbera við rekstur	8
Mynd 8:	Áhugi um meiri upplýsingar um mögulegan stuðning og þjónustu hins opinbera	9
Mynd 9:	Aðstoð frá SSV þróun og ráðgjöf	9
Mynd 10:	Þörf fyrir rekstrarráðgjöf	10
Mynd 11:	Fjármagn í endurmenntun starfsmanna.....	11
Mynd 12:	Ósk um meira og hagnýtara framboð á endurmenntunarnámskeiðum	11
Mynd 13:	Fjármagn í vöruþróun	12
Mynd 14:	Fjármagn í rannsóknir.....	13
Mynd 15:	Fjármagn í markaðskostnað.....	14
Mynd 16:	Hefur fyrirtækið áhuga á breytingum í starfsemi.....	14
Mynd 17:	Helstu hindranir fyrir breytingum.....	15
Mynd 18:	Það sem helst stendur í vegi fyrir velgengni fyrirtækisins.....	16
Mynd 19:	Helstu kostir þess að reka fyrirtæki í Borgarnesi.....	17
Mynd 20:	Helstu gallar þess að reka fyrirtæki í Borgarnesi.....	17
Mynd 21:	Fyrirhuguð breyting á fjölda starfsmanna á næstu 12 mánuðum.....	18
Mynd 22:	Helstu verkefni framundan hjá fyrirtækinu	19

Ágrip

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er að meta rekstrarumhverfi fyrirtækja í Borgarbyggð. Ætlunin er að skoða þekkingu fyrirtækja í Borgarbyggð á stoðkerfinu og áherslu fyrirtækja til ýmissa rekstrarþátta eins og vöruþróunar, rannsókna og markaðsmála. Þá verður metið viðhorf fyrirtækja til endurmenntunar, samstarfs við önnur fyrirtæki og til breytinga á núverandi starfsemi. Að lokum verða skoðaðir helstu kostir og gallar þess að reka fyrirtæki í Borgarbyggð og verkefnastaða þeirra á næstu misserum.

Gagna var aflað með viðtölum við stjórnendur og/eða eigendur fyrirtækja í Borgarbyggð. Könnunin var framkvæmd í maí árið 2011 og tóku 17 fyrirtæki þátt í rannsókninni.

Lykilord: Atvinnulíf, Borgarbyggð, Fyrirtækjakönnun, Rekstrarumhverfi, Stoðkerfi.

1 Samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þekking á stoðkerfinu sé mjög misjöfn milli fyrirtækja en athygli vekur að rúmlega 90% fyrirtækja hafa litla eða enga þekkingu á Vaxtarsamningi Vesturlands. Þrátt fyrir að rúmlega þriðjungur fyrirtækja telji sig hafa mikla þörf fyrir rekstrarráðgjöf þá hafa einungis 6% fyrirtækja nýtt sér mikla aðstoð frá SSV þróun og ráðgjöf í tengslum við atvinnurekstur. Þá verja fyrirtæki í Borgarbyggð litlu fjármagni í vöruþróun, rannsóknir, markaðsmál og endurmenntun starfsmanna. Mögulega liggja tækifæri þar fyrir fyrirtæki að ná betri árangri t.d. með nánara samstarfi milli fyrirtækja innan héraðsins á þeim sviðum. Þá kom í ljós að um 70% fyrirtækja hafa hug á að gera breytingar á starfsemi sinni en svo virðist sem aðgangur að fjármagni hjá fjármálastofnunum og skortur á eigin fjármagni komi í veg fyrir þær fyrirætlanir. Skortur á aðgengi að fjármagni stendur helst í vegi fyrir velgengni fyrirtækja í Borgarbyggð sem og hækkunar á ýmsum kostnaðarliðum í rekstri. Fyrirtækin telja að staðsetning Borgarbyggðar sé helsti kosturinn við að reka fyrirtæki á staðnum en einnig helsti galli þess. Staðsetning er góð með tilliti til hringvegarins og fjölda ferðamanna sem leið eiga um svæðið en slæm þegar horft er til fjarlægðar til Reykjavíkur, bæði vegna olíukostnaðar og aukinnar samkeppni. Svo virðist sem fyrirtæki séu enn að vinna úr afleiðingum bankahrunsins en markmið flestra fyrirtækjanna í könnuninni er að halda núverandi rekstri gangandi í óbreyttri mynd en einungis 8% fyrirtækja sjá fram á aukin umsvif á næstu mánuðum.

2 Inngangur

Vöxtur og viðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni hefur lengi verið viðfangsefni rannsókna og þeirra sem fara með opinbera stefnumörkun bæði héraðs og um heim allan. Ekki dró úr þessu eftir hrúnið haustið 2008. Þá hafa margar skýrslur sýnt fram á að Borgarbyggð er það sveitarfélag á Vesturlandi

sem virðist hafa orðið fyrir mestum skakkaföllum í hruninu með tilliti til fjölda ársverka. Það er því mjög áhugavert að kanna hvað fyrirtækin eru að gera í dag og hvernig þau sjá fyrir sér næstu misseri.

Meginviðfangsefni þessarar rannsóknar er að meta rekstrarumhverfi fyrirtækja í Borgarbyggð. Stjórnendur fyrirtækja svöruðu spurningum er tengdust þeirra nærumhverfi í atvinnurekstri og atriðum um daglegan rekstur fyrirtækjanna. Út frá svörum viðmælenda var reynt að meta hvort að fyrirtækin væru meðvituð um þá þjónustu sem væri í boði fyrir þau á svæðinu í tengslum við atvinnureksturinn og hvort þau væru að nýta sér hana. Þá var ætlunin að skoða viðhorf fyrirtækjanna til breytinga og hvernig þau meta framtíðarhorfur í rekstrinum.

2.1 Aðferð

Ákveðið var að taka viðtöl við stjórnendur og/eða eigendur fyrirtækja í Borgarbyggð. Listuð voru tilviljanakennt upp 35 fyrirtæki á svæðinu og náðist í 17 viðmælendur sem tóku þátt í könnuninni. Fyrirtækin komu úr fjórum atvinnugreinum, byggingariðnaði, matvælaiðnaði, verslun og þjónustu. Könnunin var framkvæmd í maí árið 2011.

Spurningalistinn var fyrst sendur forsvarsmönnum fyrirtækjanna í tölvupósti og síðan voru þeir heimsóttir og svörin skráð á staðnum. Spurningarnar voru ýmist opnar eða lokaðar. Þess vegna þurfti að ráðast í all nokkra túlkun á svörum viðmælenda.

2.2 Atvinnulífið í Borgarbyggð

Atvinnulífið í Borgarbyggð er töluvert frábrugðið því sem gerist annarsstaðar á Vesturlandi. Megin áherslan á svæðinu hefur verið á iðnað, matvælaiðnað og verslun en vægi útgerðar er mjög lítið samanborið við Snæfellsnes og Akranes. Þekkingariðnaður hefur á undanförunum árum skipað stærri sess í atvinnumálum í Borgarbyggð og vega háskólastofnanirnar á Bifröst og Hvanneyri þar þungt.


Í Borgarbyggð eru fyrirtæki sem hafa verið brautryðjendur á ákveðnum sviðum innan byggingariðnaðarins og má í því samhengi nefna Vírnet og Loftorku. Mikill uppgangur var í byggingariðnaðinum í Borgarbyggð fram til 2008 en í kjölfar bankahrunsins varð mikill samdráttur í þeim geira sem hafði talsverð áhrif á byggingariðnaðinn í Borgarbyggð. Í dag nýtur heimamarkaðurinn góðs af nálægð við næststærsta sumarhúsasvæði landsins, framkvæmda á nærsvæði og tilfallandi verkefna á Grundartanga- og höfuðborgarsvæðinu.

Rík hefð er fyrir matvælaiðnaði í Borgarbyggð sem í dag tengist að mestu leiti úrvinnslu landbúnaðar-afurða en landbúnaður skipar stóran sess í atvinnulífi héraðsins. Annar matvælaiðnaður sem stundaður er á svæðinu er m.a. fiskvinnsla, víngerð og bakarí svo dæmi sé tekið. Þar sem að heimamarkaðurinn er lítill þá hafa fyrirtækin notið góðs af nálægðinni við höfuðborgarsvæðið sem í mörgum tilfellum er aðal markaðssvæði þeirra. Þá njóta fyrirtækin góðs af öllum þeim fjölda ferðamanna sem eiga leið um svæðið.

Verslun á svæðinu á rætur að rekja til þjónustu við dreifbýlið og þar með landbúnaðinn. Í dag er verslun verulega háð ferðamannastraumi í gegnum héraðið og þjónustu við sumarhúabyggðir. Nálægð við þjóðveg nr. 1 styrkir verslun á svæðinu sem kemur fram í veltuaukningu verslana yfir sumartímenn þegar umferð um þjóðveginn eykst. Þá hefur vaxandi háskólabyggð einnig styrkt verslun og þjónustu á svæðinu. Flest öll fyrirtæki í verslunarrekstri á svæðinu eru einkafyrirtæki utan ÁTVR og mörg þeirra eru í eigu heimamanna. Stærð fyrirtækjanna er allt frá einyrkjum til stórra verslunarkeðja á borð við Bónus og Nettó.

Ýmis þjónusta hefur byggst upp í Borgarbyggð á undanförunum árum en sú þjónusta sem hefur verið í hvað mestum vexti á síðustu árum er tengd ferðaiðnaði en löng hefð er fyrir ferðaþjónustu í héraðinu. Eftirspurn eftir ferðaþjónustu hefur farið vaxandi á undanförunum árum og hefur fjöldi gesta bæði innlendra og erlendra í Borgarfirði aukist í samræmi við það. Þá hefur aukin sumarhúabyggð margfaldað búsetufjöldann í héraðinu yfir sumartímenn. Margvísleg afþreying hefur sprottið upp í Borgarbyggð á undanförunum árum samhliða uppbyggingu á gistirýmum fyrir ferðamenn. Má þar nefna opnun Landsnámsseturs, fjölgun og stækkun golfvalla, hestaleigur, brúðusafn auk fjölgunar veitinga- og kaffihúsa. Í Borgarbyggð eru einnig margar náttúruperlur sem hafa aðráttarafl fyrir ferðamenn ásamt því að stangveiði hefur verið stunduð í héraðinu um langt skeið. Öll fyrirtæki í þjónustuiðnaðinum eru einkafyrirtæki og eru flest þeirra í eigu heimamanna. Þau eru mörg og flest lítil en smæð þeirra hefur oft á tíðum unnið gegn þeim þar sem markaðsaðgerðir eru gjarnan kostnaðarsamar en nauðsynlegar í þessari atvinnugrein.

Í ágúst 2011 voru 67 einstaklingar skráðir atvinnulausir í Borgarbyggð en mestur varð fjöldinn í janúar og febrúar 2010 þegar 133 manns voru án vinnu. Allt fram að bankahruninu haustið 2008 var



Mynd 1: Atvinnuleysi í Borgarbyggð frá 2000–2011. Tölur Vinnumálastofnunar

atvinnuleysi nánast óþekkt í héraðinu og mikil eftirspurn var eftir vinnuafli um tíma. Eftir hrunið jókst atvinnuleysi í Borgarbyggð hratt (Mynd 1) og bitnaði það aðallega á starfsfólki í byggingariðnaðinum. Frá byrjun árs 2010 hefur atvinnuleysið farið minnkandi en þó er talsvert í að atvinnuleysið verði jafn lítið og það var á árunum 2003 til 2008.


3 Niðurstöður úr fyrirtækjaviðtölum

3.1 Grunnupplýsingar um fyrirtækin

Sautján fyrirtæki tóku þátt í könnuninni. Að meðaltali unnu um fjórir starfsmenn í fyrirtækjunum og kynjahlutfallið var 55% karlar á móti 45% konum. 28% starfsmanna hafði lokið iðnskólaprófi, 9% menntaskólaprófi, 8% háskólanámi og 55% starfsmanna voru ófaglærðir. Um 98% allra starfsmannanna voru með búsetu í Borgarbyggð.


3.2 Vitneskja um stoðkerfið

Með stoðkerfi er átt við þá þjónustu sem Samtök sveitafélaga á Vesturlandi (SSV) bjóða uppá en slík þjónusta felur í sér ráðgjöf í tengslum við rekstur fyrirtækja. Meirihluti fyrirtækja töldu sig þekkja mikið til SSV þróunar og ráðgjafar (atvinnuráðgjöf). Um þriðjungur fyrirtækja þekktu ekkert til starfseminnar og um 12% þekktu lítið til hennar (Mynd 2).



Mynd 2: Þekking á SSV þróun og ráðgjöf

Vaxtarsamningur Vesturlands er samningur milli iðnaðarráðuneytis og SSV. Samningurinn er til fjögurra ára og er gert ráð fyrir 25 m.kr. fjárframlagi á hverju ári, sem er að mestu ráðstafað í styrki til nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna á Vesturlandi. Þegar fyrirtækin voru spurð hvort að þau þekktu til Vaxtarsamnings Vesturlands kom í ljós að 70% fyrirtækjanna þekktu ekkert til samningsins (Mynd 3). Flest önnur fyrirtæki þekktu annað hvort mjög eða frekar lítið til samningsins og ekkert fyrirtæki þekkti mjög vel til hans. Um 6% fyrirtækja töldu sig hafa frekar mikla þekkingu á Vaxtarsamningnum.




Mynd 3: Þekking á Vaxtarsamningi Vesturlands

Athygli vekur að rúmlega 90% fyrirtækja hefur litla eða enga þekkingu á Vaxtarsamningi Vesturlands. Það er því hugsanlegt að einhver fyrirtæki hafi farið á mis við tækifæri til fjárstuðnings í atvinnuþróunarverkefnum sínum á undanförunum árum. Jafnvel má ætla að einhver fyrirtæki hafi ekki farið útfí verkefni sökum skorts á fjármagni og hafi ekki gert sér grein fyrir mögulegum styrkjum í gegnum Vaxtarsamninginn.


3.3 Staða og óskir fyrirtækja í Borgarbyggð

Þegar staða fyrirtækja í Borgarbyggð var metin var horft til samstarfs milli fyrirtækja eða stofnanna í héraðinu. Samstarfið getur til dæmis náð til markaðsmála, sameiginlegra innkaupa, ráðgjafar, tilboðsgerða eða hliðarþjónustu ýmiskonar. Í ljós kom að tæpur þriðjungur fyrirtækja er í miklu samstarfi við önnur fyrirtæki eða stofnanir í Borgarnesi en um 70% fyrirtækja í litlu eða engu samstarfi (Mynd 4).




Mynd 4: Samstarf við önnur fyrirtæki og stofnanir í Borgarbyggð

Um helmingur fyrirtækja óskar ekki eftir breyttu samstarfi við önnur fyrirtæki í Borgarnesi og 18% óska lítið eftir breytingum í þeim efnum. Tæplega þriðjungur fyrirtækja sjá fyrir sér breytt samstarf (Mynd 5). Það sem helst var nefnt var samstarf á sviði markaðsmála og í tengslum við hliðarþjónustu t.d. sáu fyrirtæki í verslun og þjónustuiðnaði tækifæri í að þjónusta viðskiptavini bifreiðaverkstæðis á meðan þeir biðu þess að fá ökutækin aftuhent.




Mynd 5: Ósk um breytt samstarf við önnur fyrirtæki eða stofnanir

Þegar kannað var hvort fyrirtækin hefðu notið fjárhagslegs stuðnings eða ráðgjafar frá hinu opinbera kom í ljós að lang flest fyrirtækin eða 94% hafa ekki fengið neinn stuðning frá hinu opinbera (Mynd 6). Um 6% fyrirtækja sögðust hafa fengið frekar lítinn stuðning í gegnum tíðina.




Mynd 6: Stuðningur hins opinbera við fyrirtækið

Þrátt fyrir að fyrirtækin hafi ekki fengið stuðning frá hinu opinbera þá óskaði meirihluti fyrirtækjanna eða 70% viðmælenda ekki eftir slíkum stuðningi (Mynd 7). Um 12% fyrirtækja óskuðu lítið eftir slíkum stuðningi en 18% höfðu hins vegar frekar mikinn áhuga á slíkum stuðning. Flestir viðmælendur áttu þó erfitt að sjá fyrir sér í hvaða formi slíkur stuðningur gæti verið.




Mynd 7: Ósk um stuðning hins opinbera við rekstur

Hins vegar voru fyrirtækin áhugasöm að fá frekari upplýsingar um mögulegan stuðning eða þjónustu frá hinu opinbera en 82% fyrirtækjanna lýstu yfir frekar miklum áhuga á slíkum upplýsingum (Mynd 8). Um 18% fyrirtækja lýstu þó yfir litlum sem engum áhuga á umræddum upplýsingum.




Mynd 8: Áhugi á frekari upplýsingum um mögulegan stuðning og þjónustu hins opinbera

Flest fyrirtækin eða 65% hafa ekki sótt eftir aðstoð frá SSV þróun og ráðgjöf í tengslum við rekstur sinn (Mynd 9). Tæplega þriðjungur fyrirtækja kvaðst hafa þegið litla aðstoð frá SSV en 6% fyrirtækja mun hafa þegið mikla aðstoð sem fólst þá í atvinnuráðgjöf og áætlanagerð. Þessi mynd endurspeglar ef til vill þá niðurstöðu sem kemur fram á Mynd 2 sem sýnir að um það bil helmingur fyrirtækja þekkir lítið sem ekkert til þeirrar þjónustu sem SSV býður uppá í tengslum við atvinnuráðgjöf.




Mynd 9: Aðstoð frá SSV þróun og ráðgjöf

Þegar fyrirtækin voru spurð um þörf fyrir rekstrarráðgjöf kom í ljós að rúmlega þriðjungur fyrirtækjanna telur sig hafa mikla þörf fyrir rekstrarráðgjöf (Mynd 10). Um 65% fyrirtækja töldu sig hafa litla eða enga þörf fyrir rekstrarráðgjöf. Þegar Mynd 10 er borin saman við Mynd 9 kemur í ljós að 35% fyrirtækja telja sig hafa mikla þörf fyrir rekstrarráðgjöf en á sama tíma hafa 6% fyrirtækja þegið mikla ráðgjöf frá SSV í tengslum við atvinnurekstur sinn. Hugsanlegt er að fyrirtækin viti ekki af þeirri þjónustu sem SSV býður uppá eða að þau leiti annað eftirsambærilegri þjónustu.




Mynd 10: Þörf fyrir rekstrarráðgjöf

Þegar fyrirtækin voru spurð hversu miklu fjármagni þau ráðstöfuðu í endurmenntun starfsmanna kemur fram að þriðjungur fyrirtækja setur ekkert fjármagn í slíkan málaflokk (Mynd 11). Tæplega 60% fyrirtækjanna verja mjög litlu fjármagn í endurmenntun starfsmanna sinna og 6% frekar litlu fjármagn.



Mynd 11: Fjármagn í endurmenntun starfsmanna


Þriðjungur fyrirtækjanna hafði mikinn áhuga á að framboð endurmenntunarnámskeiða yrði meira og hagnýtara en um það bil 70% fyrirtækja höfðu litlar sem engar óskir um slíka þjónustu (Mynd 12).



Mynd 12: Ósk um meira og hagnýtara framboð á endurmenntunarnámskeiðum


Almennt verja fyrirtækin litlu sem engu fjármagni í endurmenntun starfsmanna. Þó virðist vera áhugi til staðar fyrir endurmenntun en helsta tregðan fyrir þátttöku í slíkum námskeiðum virðist vera að viðeigandi endurmenntunarnámskeið eru ekki kennd á svæðinu, námskeið séu of kostnaðarsöm og að tímasetningar henti ekki alltaf fyrirtækjunum. Velta má upp þeirri spurningu hvort námskeið eða kynning á stoðkerfinu og samvinna fyrirtækja í héraði væri eitthvað sem myndi nýtast fyrirtækjum í Borgarbyggð.

Þegar skoðað var hve mikið fjármagn fyrirtækin lögðu í vöruþróun varð niðurstaðan að um 40% fyrirtækja settu ekkert fjármagn í þann málaflokk (Mynd 13). Svipaður fjöldi taldi sig leggja lítið fjármagn í vöruþróun en um 18% sögðust leggja frekar mikinn kostnað í að þróa vörur sínar.



Mynd 13: Fjármagn í vöruþróun


Þá voru fyrirtækin beðin um að meta kostnað við rannsóknir innan þeirra og kom í ljós að flest fyrirtækin leggja ekkert fjármagn í slíkan málaflokk (Mynd 14). Rétt um þriðjungur taldi sig leggja frekar lítið eða mjög lítið fjármagn í rannsóknir og ekkert fyrirtækjanna taldi sig fjárfesta mikið í rannsóknum.



Mynd 14: Fjármagn í rannsóknir

Fyrirtækin virðast leggja litla áherslu á rannsóknir og vöruþróun. Ef til vill þarf það ekki að koma á óvart þar sem að starfsemi margra fyrirtækjanna gerir e.t.v. ekki kröfur um slíkt. Hugsanlega liggja þó tækifæri hjá fyrirtækjum í Borgarbyggð að fullvinna þær vörur sem þau eru með til að skapa auknar tekjur.

Fyrirtækin verja misjafnlega miklu fé til markaðsmála. Með markaðskostnaði er átt við kostnað í tengslum við auglýsingar, markaðsrannsóknir og til kynninga á vörum eða þjónustu. Um 65% fyrirtækja telja sig leggja lítið fé til markaðsmála en 18% fyrirtækja telja sig verja miklu fé í málaflokkinn (Mynd 15). Tæplega fjórðungur fyrirtækjanna setur ekkert fjármagn í markaðsmál.




Mynd 15: Fjármagn í markaðskostnað

Hátt hlutfall þeirra fyrirtækja sem verja litlu sem engufé í markaðsmál skýrist hugsanlega af eðli þeirrar þjónustu sem fyrirtækin veita, markaðssvæðið er lítið og fyrirtækin eru með langan starfsaldur í heimabyggð og þar af leiðandi vel þekkt hjá sínum viðskiptavinum.


3.4 Viðhorf fyrirtækjanna til breytinga

Rúmlega 70% fyrirtækja hefðu áhuga á að gera breytingar á starfsemi sinni (Mynd 16). Breytingarnar gátu til að mynda tengst vöruþróun, auknu vöruframboði, breytingum á húsnæði og kaup á nýju húsnæði eða tækjum.



Mynd 16: Hefur fyrirtækið áhuga á breytingum í starfsemi?

Þrátt fyrir vilja fyrirtækja til breytinga þá nefndu 82% þeirra að skortur á fjármagni kæmi í veg fyrir mögulegar breytingar (Mynd 17). Önnur fyriræki nefndu hækkun á kostnaðarliðum, tímaskortur og aðgerðir stjórnvalda í formi skattahækkana.




Mynd 17: Helstu hindranir fyrir breytingum

Þrátt fyrir að meirihluti fyrirtækjanna hafði hug á að fara útí breytingar á starfsemi sinni þá höfðu þau fæst tók á því sökum skorts á fjármagni. Mörg fyrirtæki sögðu erfitt að fá lánsfjármagn hjá banka- stofnunum hvort sem væri til lengri eða skemmri tíma. Fannst fyrirtækjunum að fjármálastofnanir styddu ekki nægjanlega vel við fyrirtæki í héraðinu og sýna starfsemi þeirra oft á tíðum lítinn skilning. Tregða í úrlausnarmálum á skuldum fyrirtækja við fjármálastofnanir hefði þau áhrif að erfitt væri að fá lánaþyrirgreiðslu sem kæmi í veg fyrir að þau gætu farið út í breytingar á starfsemi sinni.

3.5 Hindranir fyrir velgengni fyrirtækisins

Fyrirtækin voru spurð að því hvaða þættir það væru sem stæðu aðallega í vegi fyrir velgengni fyrirtækisins og voru þar ýmis atriði nefnd. Tæplega þriðjungur nefndi skort á fjármagni og litlu færri fannst vanta meiri stuðning frá bæjarbúum. Um 18% fyrirtækja nefndu hækkun á kostnaðarliðum t.d. launum, hráefni og öðrum rekstrarvörum (Mynd 18). Ónógur stuðningur bæjaryfirvalda, skattastefna ríkisins, skortur á eftirspurn og skuldsetning voru einnig meðal atriða sem nefnd voru sem helst stæðu í vegi fyrir velgengni fyrirtækisins.




 Mynd 18: Helstu hindranir fyrir velgengni fyrirtækisins

Skortur á aðgengi að fjármagni var nefnt sem helsta hindrun fyrir velgengni fyrirtækjanna. Fyrirtækin töldu sig ekki geta gert nauðsynlegar breytingar í starfsemi sinni til þess að efla reksturinn þar sem þau myndu ekki fá fyrirgreiðslu hjá fjármálastofnunum. Þá hefði úrlausnarvinnsla vegna skulda fyrirtækja tekið of langan tíma og hamlað framþróun, þar sem ekki fengist fyrirgreiðsla á meðan mál þeirra væru til meðferðar hjá bönkunum. Athygli vekur að tæplega fjórðungur fyrirtækja telur að ónógur stuðningur bæjarbúa standi í vegi fyrir frekari velgengni fyrirtækisins. Myndu þau vilja sjá heimamenn versla oftár í heimabyggð og styðja þannig við fjölbreytta verslun og þjónustu í byggðarfélaginu. Nokkrir aðilar nefndu að nauðsynlegt væri að gera átak í þessum málaflokki til þess að gera verslun og þjónustu samkeppnishæfari. Hækkun á kostnaðarliðum hefur komið sér illa fyrir mörg fyrirtæki en um 18% fyrirtækja telja að sá þáttur standi helst í vegi fyrir velgengni þeirra. Hugsanlega gætu fyrirtæki í Borgarnesi náð niður kostnaði í rekstri með aukinni samvinnu sín á milli t.d. í markaðsmálum, innkaupum og flutningi.


3.6 Helstu kostir og gallar við rekstur í Borgarbyggð

Flest fyrirtæki í Borgarnesi eða um 40% nefndu góða staðsetningu bæjarins sem helsta kost þess að reka fyrirtæki á staðnum (Mynd 19). Aðrar ástæður voru fjöldi ferðamanna sem leið ætti um bæinn og einnig að vinnumarkaðurinn væri stöðugur, þ.e. að ekki væri mikil hreyfing á vinnuafl og auðvelt að fá fólk til starfa. Þá töldu fyrirtækin það jafnframt til kosta að Borgarnes væri lítill bær þar sem tengsl við viðskiptavinum væru persónuleg og staðsetning bæjarins gerði það að verkum að langt væri í næsta samkeppnisaðila.



Mynd 19: Helstu kostir þess að reka fyrirtæki í Borgarnesi

Þegar fyrirtæki voru spurð um helstu galla þess að reka fyrirtæki í Borgarnesi þá nefndu flestir fjarlægðina til Reykjavíkur. Að mati 25% fyrirtækja er fjarlægðin til Reykjavíkur of lítill. Viðskiptavinirnir geta keypt sambærilegar vörur eða þjónustu í Reykjavík án mikillar fyrirhafnar (Mynd 20). Sami fjöldi taldi fjarlægðina til Reykjavíkur galla vegna mikils flutningskostnaðar. Aðrir gallar sem voru nefndir voru bankastofnanir, lítill áhugi heimamanna á tiltekinni þjónustu, vegakerfið, há fasteignagjöld og núverandi bæjarstjórn.




Mynd 20: Helstu gallar þess að reka fyrirtæki í Borgarnesi

Staðsetning Borgarness er að mati fyrirtækjanna helsti kostur þess að reka fyrirtæki í bænum og jafnframt helsti galli þess. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið gerir það að verkum að bæjarbúar eiga auðvelt með að versla sambærilegar vörur þar og gerir það samkeppnina erfiðari fyrir fyrirtæki í ákveðnum greinum. Þá hafa olíuverðshækkarnir komið sér illa fyrir fyrirtæki sem skilgreina höfuðborgarsvæðið sem sitt aðal markaðssvæði þar sem flutningskostnaður á vörum hefur aukist töluvert. Einhverjum fyrirtækjum þóttu bæði bankar og bæjaryfirvöld ekki hafa komið til móts við fyrirtækin í því erfiða árferði sem nú ríkir og nefndu í því sambandi t.d. aðstoð í formi aðgengi að lánsfjármagni eða lækkunar á fasteignagjöldum. Staðsetning Borgarness gerir það að verkum að fjöldi ferðamanna á leið í gegnum bæinn allt árið um kring þó svo að fjöldinn nái hámarki yfir sumartímenn. Fyrirtækin nefna bæði fjölda ferðamanna og stöðugleika á vinnumarkaði sem kosti þess að reka fyrirtæki í Borgarbyggð. Starfsmannavelta er almennt lág hjá fyrirtækjunum og tiltölulega auðvelt er að fá nýja starfsmenn í stað þeirra sem hætta.

3.7 Staða framundan


Á næstu 12 mánuðum gerðu flest fyrirtækin ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda innan fyrirtækisins (Mynd 21). Fimm fyrirtæki gerðu ráð fyrir að ráða a.m.k. einn starfsmann á tímabilinu og eitt fyrirtæki átti von á að ráða til sín þrjá starfsmenn. Eitt fyrirtæki gerði ráð fyrir að fækka um einn starfsmann á tímabilinu.



Mynd 21: Fyrirhuguð breyting á fjölda starfsmanna á næstu 12 mánuðum

Um verkefnastöðu fyrirtækjanna þá sögðu 70% að eftirspurnin væri svipuð og á sama tíma árið á undan. Um 20% sögðu eftirspurnina minni og um 10% sögðu hana meiri nú en á sama tíma í fyrra. Þegar spurt var hver væru helstu verkefni framundan töldu tæplega 70% fyrirtækjanna að helsta verkefnið væri að halda rekstrinum gangandi frá degi til dags (Mynd 22). Um 15% fyrirtækja hugðust fara í vöruþróun, 8% ætluðu að auka veltuna og 8% ráðgerðu að segja upp starfsmönnum.

Mynd 22: Helstu verkefni framundan hjá fyrirtækinu



Af svörum fyrirtækjanna má draga þá ályktun menn séu ekki enn farnir að sjá ljósið við enda ganganna eftir bankahrunið 2008 og daglegur rekstur miðist við að halda í horfinu. Skynja mátti að fyrirtækin væru nokkuð sátt við þá stöðu þar sem að fólk hefði þá a.m.k. vinnu á meðan reksturinn gengi. Það að einungis 8% fyrirtækja sjái fram á vöxt á næstu mánuðum gefur ekki tilefni til bjartsýni um að meira líf eigi eftir að færast í vinnumarkaðinn á næstu mánuðum.

4 Lokaorð

Miðað við svör stjórnenda fyrirtækja í Borgarbyggð í þessari könnun þá virðast fyrirtæki í Borgarbyggð enn vera að glíma við afleiðingar bankahrunsins. Rekstur fyrirtækjanna einkennist enn af varnarbaráttu þ.e. að halda rekstri gangandi í óbreyttri mynd um það bil þremur árum eftir hrún. Það að rúm 70% fyrirtækja hafa hug á að fara úti einhverjar breytingar á starfsemi sinni gefur þó til kynna að fyrirtækin séu farin að líta eftir sóknarfærum. Skortur á eigin fé og erfiðleikar við fjármögnun hjá fjármálastofnunum virðast helst hamla þeim áformum. Hugsanlegt er að einhver fyrirtæki hefðu geta farið úti fyrirhugaðar breytingar hefði þekking verið til staðar á Vaxtarsamningnum og þeirri þjónustu sem fyrirtækjum í einkarekstri standa til boða af hinu opinbera. Ef til vill myndi námskeið fyrir eigendur og stjórnendur fyrirtækja í einkarekstri um stoðkerfið nýtast fyrirtækjunum vel og í einhverjum tilvikum gefa þeim möguleika að koma á breytingum í starfsemi sinni. Einnig myndi slíkur vettvangur gefa fyrirtækjunum tækifæri til þess að skoða hvað önnur fyrirtæki eru að gera enda

eru mörg þeirra að kljást við sameiginleg vandamál í rekstri sínum. Mögulega gætu fyrirtækin eflt samkeppnishæfni sína með nánara samstarfi t.d. í markaðsmálum eða innkaupum.

Þó svo að nýjustu tölur um fjölda atvinnulausra sýni fram á minnkandi atvinnuleysi í Borgarbyggð er erfitt að segja til um hver þróunin verður á næstu mánuðum. Atvinnulífið í Borgarbyggð á mikið undir fjölda ferðamanna á svæðinu auk þess myndi frekari niðursveifla í byggingariðnaði hafa slæm áhrif á atvinnuvinnulífið á svæðinu. Draga má þá ályktun af svörum stjórnenda og eigenda fyrirtækja í Borgarbyggð að menn séu hóflega bjartsýnir á framtíðina en markmið flestra fyrirtækja er hreinlega að halda sjó og komast í gegnum þá erfiðleika sem steðja að í rekstrarumhverfinu um þessar mundir. Þrátt fyrir að einhver fyrirtæki ætli að fjölga starfsmönnum (Mynd 21) á næstu 12 mánuðum má leiða líkum að því að þær ráðningar séu að mestu leyti tímabundnar yfir sumartímann. Þrátt fyrir mótlæti og óvissu ber að hafa í huga að í erfiðleikum leynast alltaf einhver tækifæri. Með auknu samstarfi og samtakamætti má skapa kraftmeira atvinnulíf, nýta fjármagn betur og koma á nýjungum í atvinnulífi héraðsins.